



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd Reykshólahrepps
mánudaginn 8. júní 2020 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Herdís Erna Matthíasdóttir í forföllum Ingimars Ingimarssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Í síma voru Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið og spurði um önnur mál á dagskrá, engin önnur mál bárust.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykshólahrepps, skipulagslýsing.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsing verði samþykkt sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að skipulagsfulltrúa verði falið að kynna hana í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar. Leitað verði umsagna hjá stofnunum og hagsmunaaðilum. Samþykkt samhljóða.

2. 1903004 - Breyting á aðalskipulagi Reykshólahrepps 2006-2018.

Fyrir liggur breyting á Aðalskipulagi Reykshólahrepps 2006-2018 vegna vindorkugarðs í Garpsdal dagsett 5. maí 2020. Lýsing vegna breytinganna hefur þegar verið samþykkt og umsagnir þar til bærra aðila hafðar til hliðsjónar við vinnslu skipulagstillögunnar. Kynningarfundur hefur verið haldinn þar sem breytingarnar voru kynntar en hann fór fram með rafrænum hætti.

Nú er lagður fram uppdráttur og greinargerð sem sýnir tillögu að aðalskipulagsbreytingunni.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að framlagður uppdráttur og greinargerð verði samþykkt og að aðalskipulagsbreytingin skuli auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

3. 2006002 - Skógræktarfélag, gróðursetning.

Fyrir nefndinni liggja hugmyndir Skógræktarfélagsins Bjarkar varðandi gróðursetningu við Maríutröð. Nefndin samþykkir að leyfa gróðursetningu á umræddu svæði. Taka þarf sérstaklega til þess að lagnir liggja um svæðið eins og ljósleiðari. Huga þarf að því að gróðursetja ekki rótarfrekar plöntur. Samþykkt samhljóða.

4. 2006003 - Gufudalur Neðri, beiðni um nafnabreytingu.

Ósk frá eiganda jarðarinnar um að nafn eignarinnar verði Gufudalur, í stað Gufudalur Neðri. Nefndin gerir ekki athugasemd við breytinguna. Samþykkt samhljóða.

5. 2006017 - Umsókn um lóð úr landi Valshamars landnr. 205469.

Nefndin samþykkir stofnun lóðar með fyrirvara um samþykki jarðeigenda. Samþykkt samhljóða.

6. 2005016 - Ársreikningur 2019, hafnarsjóður, leiguíbúðir, Reykhólaveitur.

Ársreikningar lagðir fram, farið yfir þá og þeir samþykktir samhljóða.

7. 2006004 - Úthlutun leiguíbúðar, Hólatröð 1.

Nefndin fór yfir umsóknir, samþykkt að úthluta Guðmundi Ingiberg Arnassyni íbúðina frá og með 1. ágúst 2020. Samþykkt samhljóða.

8. 2006005 - Kauptilboð í eignina Hellisbraut 38.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gera tilboðsgjafa gagntilboð. Samþykkt samhljóða.

9. 2006006 - Hafnarframkvæmdir dýpkun, verkfundargerð nr. 2

Lagt fram til kynningar.

10. 2006018 - Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í höfnum.

Lagt fram, sveitarstjóra falið að vinna enduskoðun. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16.35.
